

35 eptirrit af brjefi yðar til póstmeistarans, 12. jan. þ. á., svo og af erindi pósta-
3. marz. greiðslumannsins á Grenjadarstað, dags. 28. desbr. f. á., er hjer með fylgir á-
samt 1. fylgiskjali.

**Brjef landshöfðingja til hreppsnefndaroddvítans í Stafholtstungna-
hreppi, um greiðslu á sýsluvegagjaldi.** — Út af fyrirspurn yðar í brjefi
3. marz. dags. 11. jan. þ. á., viðvikjandi niðurjöfnun á sýsluvegagjaldi á hreppsþúa, skal
yður hjer með tjáð, að það er misskilningur, að hreppsnefndirnar eigi að jafna
sýsluvegagjaldinu sem sjerstakri greiðslu niður á gjaldendur í hreppnum. Gjald-
inu er samkvæmt lögum 10. nóv. 1887, 10. gr., jafnað niður á hreppstjelögin í
heild sinni, þannig að sú upphæð, sem lögð er á hvert hreppsfjelag, er miðuð
við tölu verkfærra manna í hreppnum. En gjaldið hvílir beinlínis á sveitar-
sjóðunum, ekki þannig, að sjóðirnir að eins ábyrgist greiðsluna, heldur eru sjóð-
irnir sjálfir gjaldskyldir samkvæmt lögum. Nú er það skýrt tekið fram í
lögum nr. 1, 9. jan. 1880, 1. gr., að hreppsnefndirnar eiga á hverju ári að gjöra
áætlun um allar tekjur og útgjöld hreppsfjelagsins, og að því leyti er fátækra-
tiundin og aðrar tekjur hreppsins hrökkva ekki fyrir útgjöldunum, jafna niður
því sem á vantar á alla, sem eiga lögheimili í hreppnum, eptir efnum og ástandi,
á tímabilinu frá 1.—20. októbermán. ár hvert. Meðal útgjalda þeirra, sem á
að taka upp í ofangreinda áætlun, er og það gjald, er hreppsfjelaði á að inna
af hendi til vegagjörða í sýslunni, og telst það með í því, er jafna ber niður,
ef fátækra tiund og aðrar tekjur ekki hrökkva til, en ef eitthvert hreppsfjelag
væri, sem engin útgjöld hefði til fátækra og annars slíks kostnaðar, gengi fá-
tækra tiundin og aðrar tekjur til greiðslu á sýsluvegagjaldi hreppssjóðsins.

Af hinu framanritaða er það væntanlega ljóst, að það tillag, er hver
gjaldandi greiðir til sýsluvega, er jafnaðarlega innfalið í hinu almenna útsvari,
og er að öllu sömu reglum háð.

37 **Brjef landshöfðingja til bæjarfógetans á Ísafirði, um ýmislegt**
3. marz. **er snertir fjárstjórn kaupstaða.** — Jafnframt því að endursenda yð-
ur, herra bæjarfógeti reikning yfir tekjur og gjöld Ísafjarðar kaupstaðar 1890
með fylgiskjölum, ásamt athugasemdum endurskoðanda og úrskurðum bæjar-
stjórnarinnar, skal jeg með skírskotun til brjefs míns 20. nóv. f. á. taka fram,
að þó að hið svo kallaða svar bæjargjaldkerans sje sem alls ekkert, þá verður
í þetta sinn að láta hjer við lenda, þar sem úrskurðum bæjarstjórnarinnar hef-
ur verið lokið áður en nýnefnt brjef mitt barst yður; en eptirleidis vona jeg
að þjer gætið þess, að bæjargjaldkerinn, eða þá þeir bæjarfulltrúar eða nefndir
úr bæjarstjórninni, sem hlut eiga að máli, gegni þeirri skyldu sinni að svara
athugasemdunum að fullu, og að endurskoðanda gefist síðan kostur á að koma
fram með tillögur sínar.

Út af úrskurðum bæjarstjórnarinnar við ofannefndan reikning skal jeg
að öðru leyti benda yður á, að áætlun sú um tekjur og gjöld kaupstaðarins,